



Kringlan 5, 103 Reykjavík,  
sími 91-689080, telefax 91-82824

RÁDGJÖF  
KAUPÞINGS HF

Alþingi

Erindi nr. D 116 / 433

komudagur 30 / 11 1992

**Athugasemdir varðandi frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands.**

22. nóvember 1992

Af gefnu tilefni var undirritaður beðinn um álit sitt á samræmi tuttugustu greinar frumvarpsins sem fjallar um fjárfestingastefnu verðbréfasjóða og tilsvaramandi greinar í dönskum lögum um starfsemi verðbréfasjóða í Danmörku.

Í "Bekendtgørelse af lov om investeringsforeninger" nr. 85 frá 12. febrúar 1990 segir í 20. gr.:

" En investeringsforenings formue må udelukkende bestå af:

- 1) værdipapirer, der er optaget til offentlig notering på en fondsbørs, ellers som handles på et andet marked, der er offentligt anerkendt, regelmæssigt arbejdende og åbent for offentligheden..."


Tilsvaramandi texti í íslenska frumvarpinu hljómar:

"1) Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og solum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opin almenningi og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeignandi ríki.

Það er ósamræmi á milli textanna varðandi tvo þætti. Í fyrsta lagi er talað um "offentlig notering på en fondsbørs" í danska textanum eða "opinbera skráningu í kauphöll" en ekki um skráningu á opinberum verðbréfamarkað eins og sagt er í íslenska frumvarpinu (í tilskipun Evrópubandalagsins, 19. gr. "...admitted to official listing on a stock exchange..."). Að mínu mati er rangt að þýða "fondsbørs" og "stock exchange" með "opinber verðbréfamarkaður". Í því sambandi má geta þess að í Danmörku er Köbenhavns Fondsbørs sjálfseignarstofnun sem fengið hefur einkaleyfi til að reka kauphöll.

Í öðru lagi þá er "...andet marked, der er offentligt anerkendt..." þýtt sem "...hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda...". Þetta er alsendis rangt því bein þýðing væri "annar markaður sem hlotið hefur almenna viðurkenningu". Hér er ruglað saman orðinu "anerkendt" ("recognised" í enska textanum) og "godkendt". Ef markaðurinn þyrfti að fá stimpil viðkomandi yfirvalds, hefði staðið "...andet marked, der er blevet godkendt af Finanstilsynet" (sem er hið rétta yfirvald í þessu tilfelli). Til samanburðar má benda á að seinna í sömu grein er talað um markaði fyrir utan EB sem þurfi viðurkenningu Bankaeftirlitisins, eða "Såfremt fondsbørsen eller markedet befinder sig i stat .....skal fondsbørsen eller markedet være godkendt af Finanstilsynet." Þessi túlkun er hafin yfir allan vafa en til vonar og vara hef ég fengið hana staðfesta hjá Finanstilsynet í Danmörku.

Virðingarfyllt

  
Dr. Sverrir Sverrisson,  
hagfræðingur

P.S. Þess má geta að undirritaður hefur hlotið hagfræðimenntun sína frá Kaupmannahafnarháskóla auk þess að hafa nokkurra ára starfsreynslu á dönskum fjármagnsmarkaði.